

Ársskýrsla Hulduheima 2016 – 2017



Kristrún Hafliðadóttir leikskólastjóri

Efnisyfirlit

1.	ALMENNAR UPPLÝSINGAR	4
1.1	Leikskóli	4
1.2	Viðhald og breytingar	4
2.1	Áherslur og markmið leikskólans	4
2.3.	Mat á starfinu í Hulduheimum, framkvæmd.	6
2.3.1	Helstu niðurstöður endurmats	6
2.3.2	Helstu umbætur samkvæmt endurmati.....	7
2.4.	Námskrá	7
3	LEIKSKÓLASTARFIÐ S.L. SKÓLAÁR	7
3.1	Próunar- og nýbreytnistarf	7
3.2	Ferðir, menningarviðburðir, sýningar, hefðir og hátíðir.....	9
4	STARFSMENN.....	11
4.1	Stöðugildi (fjöldi starfsmanna, menntun, stöðuheiti, stéttarfélög, veikindi, námsleyfi, o.fl.)	11
4.2	Fundir (starfsmanna-, deildar-, deildarstjóra, fag- og samráðsfundir).....	11
4.3	Skipulags- og námskeiðsdagar, endur- og símenntun (Fyrirlestrar, ráðstefnur, o.fl.)	12
5	BÖRN.....	13
5.1	Fjöldi barna (aldur, árgangur, barngildi, dvalartímar).....	13
5.2	Sérstuðningur	13
6	FORELDRASAMSTARF.....	14
6.1	Foreldraviðtöl – upplýsingastreymi (kynningarrit, fréttabréf, opið hús, sýningar)	14
6.2	Foreldrafélög, foreldraráð	14
7	SAMSTARF – RÁÐGJÖF	15
7.1	Skólaþjónusta Árborgar	15
7.2	Nemar.....	15
7.3	Samstarf við grunnskóla.....	15
8	LOKAORÐ	16

1. Almennar upplýsingar

1.1 Leikskóli

Leikskólinn Hulduheimar hóf starfsemi sína 14. nóv. 2006 og er 6 deilda leikskóli, staðsettur við Erlurima 1 á Selfossi.

Lóð leikskólans er 6069 m² með bílastæði, leikvöllur Hulduheima er 2970 m² þar af er um 700m² grassvæði og 500 m² gróðursvæði.

Leikskólinn er 1051 m² að stærð.

1.2 Viðhald og breytingar

Lítilsháttar viðhald yfir allt árið var eftir þörfum. Í júní 2017 var gróðurgirðing tekin niður á útilóð til að bæta aðgengi barna í gróðurinn. Verkið verður klárað í júlí 2017 þegar skólinn er lokaður. Hitakistur hússins voru einnig yfirfarðar, lokum bætt við og rými í kringum eina kistu stækkað. Verkið verður klárað á næsta skólaári.

Í sumarfríinu 2017 voru máluð tvö rými á hverri deild eldri megin og blettað þar sem þurfti. Lagaðar voru fúur í flísum yngri megin í húsinu sem þyrfti endilega að skipta yfir í epoxi gólf eins og gert var eldra megin sumarið 2016. Tvö leikborð í sandkassa voru endunýjuð og skátar fengnir til að mála leiktækin án eftirlits sem reyndist ekki vel. Það þarf að mála þau aftur við tækifæri.

2.1 Áherslur og markmið leikskólans

Leikskólinn Hulduheimar starfar eftir lögum um leikskóla og Aðalnámskrá fyrir leikskóla 2011. Samkvæmt Aðalnámskrá skal leikskólastarf taka mið af leiðarljósum leikskóla, grunnþáttum menntunar (læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun) og námssviðum leikskóla. Skólanámskrá Hulduheima kom út í október 2015 en hún lýsir á hvaða hátt leikskólinn framfylgir Aðalnámskrá og markmiðum sínum.

Einkunnarorð leikskólans eru **virðing- lýðræði- samfélag**.

Starfið byggir á hugmyndafræði John Dewey þar sem fjallað er um uppeldi, kennslu og tilgang leikskólastarfs. Þar kemur fram mikilvægi þess að börnin þekki fortíðina, þannig skilja þau nútíðina. Dewey taldi mikilvægt að samfélagið og skólinn ynnu saman og nauðsynlegt að samband væri milli raunverulegrar reynslu barnanna, náms og menntunar. Dewey sá skólann fyrir sér sem samfélag þar sem lýðræði væri haft að leiðarljósi, þar sem ólíkir einstaklingar starfa saman og hver um sig leggur sitt að mörkum. Reynsla, samfélagið og lýðræðið eru að mati Dewey samofin í

leikskólastarfinu. Líf innan veggja leikskólans á að hjálpa barninu að lifa og starfa sem einstaklingur í samfélagi við aðra einstaklinga. Einnig taldi Dewey að börnum væri það meðfætt að læra, þess vegna eiga þau að vera virk í eigin námi.

Grunnhugmyndir uppeldisstefnu John Dewey er lýst á einfaldan hátt í einkunnarorðunum „learning by doing“, **að læra í athöfn** og **að læra af eigin reynslu**.

Könnunaraðferðin „Project approach“ er helsta námsaðferð Hulduheima. Aðferðin snýst um rannsókn barna á viðfangsefni sem þau hafa áhuga á og hlutverk kennarans er að tengja það inn í námssvið leikskólans. Áhersla er lögð á ferlið og reynsluna en ekki á útkomuna. Skráningar eru mikilvægur þáttur í könnunaraðferðinni til þess að fylgjast með námi barnanna.

Í leikskóla er alltaf gengið út frá því að börnin læri í gegnum leik og þarf alltaf að hafa það í huga þegar kennarar útfæra námssviðin.

Könnunarleikurinn er frjáls leikur með opinn efnivið sem börn á yngri deildum fá að kynnast. Könnunarleikurinn er góð leið til að efla rannsóknarþörf barnanna.

Í Hulduheimum er einnig lögð mikil áhersla á að efla félagslega færni, að börnin kynnist og læri að bera virðingu fyrir sér og öðrum. Art þjálfun með elstu börnum er ein leiðin að því markmiði.

Markmið leikskólans Hulduheima

1. Að mæta barninu þar sem það er, einstaklingsmiðað nám (menntun og reynsla). Leikurinn leið til menntunar og þroska, börn öðlast einungis raunhæfa menntun í gegnum reynslu sína. Nám barna er samfélagsmiðað, þar sem barnið lærir í samskiptum við aðra einstaklinga.
2. Að barnið kynnist samfélaginu og umhverfinu (menntun og samfélag). Börnunum er gefið tækifæri til þess að rannsaka og skoða umhverfi sitt og vinna úr upplifunum sínum á markvissan hátt innan leikskólastarfsins. Þau fá tækifæri til að læra á og þekkja umhverfi sitt, sögu, náttúru, samfélagið og annað sem einkennir umhverfi leikskólans.
3. Að barnið kynnist lýðræði (menntun og lýðræði). Virðing er undirstaða lýðræðis. Virðing fyrir sjálfum sér og öðrum. Virðing felst m.a. í sanngirni, umhyggju, víðsýni og umburðarlyndi. Samhliða lýðræði og lífsleikni er stuðlað að því að hver og einn leggi sitt af mörkum til samfélagsins.

2.3. Mat á starfinu í Hulduheimum, framkvæmd.

Samkvæmt matsáætlun leikskólans voru teknir fyrir nokkrir þættir til að meta á skólaárinu. Vegna vinnu með þróunarverkefnið „Námsmat á mörkum skólastiga“ var innra mat að mörgu leyti tengt þeim þætti. Þeir þættir sem metnir voru markvisst á skólaárinu voru námsmat í Hulduheimum, stefna og markmið Hulduheima, skipulag náms og námsaðstæður, viðmót og menning leikskólans og foreldrasamstarf. Einnig mat starfsfólk bæði haust- og vorönn sérstaklega. Mat fór fram með þeim hætti að útbúin voru matsblöð sem farið var yfir ýmist á deildarfundum eða starfsmannafundum. Umræður um niðurstöður fóru fram á starfsdögum, starfsmannafundum, fagfundi og/eða deildarstjórafundum. Börnin hafa metið verkefnin í könnunaraðferðinni með „broskarlamati“ en annars var mat barnanna ekki formlegt heldur í formi umræðna. Foreldrar voru beðnir um að meta Art námskeið og einnig fylla þau matslista við lok verkefna í könnunaraðferðinni.

Deildarfundir eru einu sinni í viku og fara þar fram umræður og mat á einstaka börnum og starfið á viðkomandi deild. Deildarstjórafundir eru haldnir einu sinni í viku þar sem leikskólastjórnendur, sérkennslustjóri og deildarstjórar funda og er þá farið yfir það helsta sem er á döfinni hverju sinni, þar fer einnig fram óformlegt mat. Fagfundir voru haldnir tvo morgna í júní (2017) frá kl. 10:00-11:30. Þá fundi sátu meðlimir FL, FSL og ÞÍ. Þar voru niðurstöður úr endurmati ræddar frekar og hugmyndir að umbótum og nýjungum í starfi. Einnig var haldinn fundur með félögum í Foss og Bárunni einn morgun í júní frá kl. 10:00-11:30. Eydís Katla Guðmundsdóttir frá Fræðsluneti Suðurlands kom á fundinn og kynnti nám sem er í boði hjá þeim. Einnig var farið yfir niðurstöður endurmats, umbætur ræddar og helstu breytingar sem framundan eru. Að lokum ber að nefna að í starfsmannasamtölum leggur hver og einn starfsmaður mat á þætti eins og samstarf, eigin frammistöðu og líðan í vinnunni.

Foreldrakönnun var gerð á vegum Skólapulssins í mars 2017. Þátttaka var góð og flestir ánægðir með leikskólann.

2.3.1 Helstu niðurstöður endurmats

Starfsfólki fannst starfið ganga yfir höfuð vel í vetur, það ríkir góður starfsandi í Hulduheimum og gott samstarf er á milli starfsmanna. Vinnan með þróunarverkefnið hefur hjálpað okkur að meta þau markmið og gildi sem við stöndum fyrir og skerpa á þeim. Það kom í ljós að leikskólinn stóð vel undir þeim markmiðum en alltaf má gera

betur en eitt af því er að gera einkunnarorðin okkar sýnileg og ræða meira um þau bæði í starfsmannahópnum sem og barnahópnum. Starfsfólk taldi einnig að það mætti bæta við grunnefnivið leikskólans og eins efnivið sem vísar til margbreytileika mannlífsins. Foreldrar eru að jafnaði mjög ánægðir með starf leikskólans en 92% af þeim sem svöruðu voru ánægðir með leikskólann. Það helsta sem foreldrar töldu að mætti bæta var upplýsingaflæði en 55,1% svarenda taldi það ekki gott. Þá nefndu foreldrar að þeir fái ekki nógu reglulega upplýsingar um stöðu barnsins, að það skorti upplýsingagjöf í lok dags (við lokun) og að meira upplýsingaflæði vanti varðandi starfsmannahald. Foreldrar voru ánægðir með fésbókarsíður deildanna. Frekari upplýsingar um niðurstöður í endurmati má sjá á heimasíðu leikskólans.

2.3.2 Helstu umbætur samkvæmt endurmati

Útbúin hefur verið umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum úr endurmati. Hægt er að sjá hana í heild sinni á heimasíðu leikskólans þar sem markmið okkar til úrbóta eru tilgreind ásamt leiðum að markmiðunum og hvenær við hyggjumst meta þau. Helstu úrbætur má nefna:

- Bæta upplýsingaflæði til foreldra m.a. með því að fjölga foreldraviðtölum úr einu í tvö á hverju skólaári.
- Auka fræðslu um mannréttindi og fjölbreytileika og auka leik- og bókakost sem endurspeglar margbreytileika mannlífsins.
- Setja okkur stefnu um leikefni.
- Efla skapandi leik og rannsóknir inni og úti.
- Auka samskipti yngri og eldri deilda.
- Gera einkunnarorðin sýnilegri í starfinu og efla umræður um þau.

2.4. Námskrá

Námskrá Hulduheima leit dagsins ljós í lokaútgáfu október 2015 og er hún aðgengileg á heimasíðu leikskólans.

3 Leikskólastarfið s.l. skólaár

3.1 Þróunar- og nýbreytnistarf

Skólaárið 2016-2017 hefur verið gott en annasamt í Hulduheimum. Leikskólinn tók þátt í þróunarverkefni sem ber heitið „Námsmat á mörkum skólastiga“ ásamt öllum skólum Árborgar. Því verkefni fylgdi mikil endurskoðun á starfsháttum innan

leikskólans og setti leikskólinn sér forgangsverkefni til að efla námsmatið.

Forgangsverkefnin voru:

1. Að styrkja könnunaraðferðina og námsmat innan hennar.
2. Að skerpa á ferilmöppunni og skoða hana með hliðsjón af þemahefti um námsmat í leikskóla.
3. Að samræma verklagsreglur eftir niðurstöður úr *TRAS*, *HLJÓM* og *Orðaskil*. Verkferlar ættu að vera sýnilegir innan deilda.
4. Að útbúa skýra stefnu Hulduheima í námsmati, plagg sem sett verður á heimasíðu leikskólans og send foreldrum nýrra barna.
5. Að útbúa viðmið fyrir hreyfiproskamat þannig að starfsmenn átti sig á því hvenær er rétt að vísa til sérfræðinga vegna seinkunar í hreyfiproska.

Starfsteymi voru mynduð í kringum hvert forgangsverkefni og ákveðið var að gefa starfsfólki tækifæri til að velja sér teymi. Endanleg niðurröðun í teymi ákvarðaðist svo af því að fulltrúar væru frá öllum sem hefðu eitthvað um málið að segja þ.e. yngri/eldri deildir og að blandað væri í hópum af faglærðum og ófaglærðum. Þetta gafst vel og í endurmati kom fram að starfsfólk var ánægt með vinnu þvert á deildir sem hefur eflt samtalið milli starfsmanna, styrkt lærdómssamfélagið og aukið lýðræðisleg vinnubrögð. Tvö teymi hafa lokið vinnu sinni en það þriðja lýkur vinnu sinni í lok skólaársins. Þróunarverkefnið hefur nú þegar skilað betri vinnu með könnunaraðferðina, könnunarleikinn og ferilmöppu. Það hefur stuðlað að sjálfsskoðun og samræmingu á verkferlum innan skólans og gefið starfsfólki þá tilfinningu að allir séu að vinna að sama markmiði. Áfram verður unnið með þessum forgangsverkefni á næsta skólaári og hafin vinna að þeim næstu.

Á síðasta skólaári var eitt af markmiðum í Hulduheimum að auka samvinnu starfsfólks og höfum við haldið áfram þeirri sýn á þessu skólaári. Auk samvinnu í þróunarverkefninu hafa leikskólakennarar verið saman í undirbúningstímum og þannig fengið tækifæri til að vinna saman og efla faglegt samtal sín á milli.

Regnbogadagar og opið fæði milli deilda yngri og eldri megin hefur haldið áfram að þróast og er að festast í sessi. Samráð milli yngri deilda hefur jafnframt verið á meðal fagstjóra (um málörvun, hreyfingu, listsköpun og könnunarleik) þar sem skipst er á hugmyndum og ráðleggingum. Áfram verður unnið við að efla samráð og samvinnu milli deilda og starfsmanna.

Á þessu skólaári hefur verið lögð aukin áhersla á innra mat á skólastarfinu þar sem sjónarmið barna og starfsmanna koma fram. Einnig fór fram ytra mat á vegum Skólapúlsins og var skoðanakönnun lögð fyrir foreldra. Með því að rýna í niðurstöður matsins og stuðla að umbótum samkvæmt þeim munum við auka gæði og þróun leikskólastarfsins.

Deildarnar tóku upp facebooksíður til að koma upplýsingum til foreldra og eru þær að gefast mjög vel.

3.2 Ferðir, menningarviðburðir, sýningar, hefðir og hátíðir

- 14. nóvember 2016 varð leikskólinn 10 ára. Börn og starfsfólk voru með ball í salnum að morgni og var foreldrum boðið í vöfflukaffi í lok dags. Fjöldi fólks heimsótti okkur á afmælisdaginn.
- Rökkurstund var 24. nóvember. Þá komu börnin í náttfötum í leikskólann og máttu koma með vasaljós.
- Á degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember var ákveðið að Lubbi ætti afmæli og allir fengu saltstangir í tilefni af því. Grunnskólanemendur frá Vallaskóla og Sunnulækjarskóla sem jafnframt eru fyrrum nemendur Hulduheima komu og lásu fyrir börnin.
- Í lok nóvember sungu elstu börn þegar kveikt var á jólatrénu við Tryggvatorg.
- Þrír elstu árgangar fóru í kirkjuheimsókn þann 6. desember.
- Jólaglugginn okkar var opnaður 7. des og þá var einnig rauður dagur.
- Elstu börnin fóru að sækja jólatré í skógin 13. desember.
- Jólaballið var í sal leikskólans 15. desember en þetta árið voru foreldrar ekki með okkur. Afi drengs á Hlynnskógum lék á harmonikku og jólasveinar litu við. Hátíðarmatur var snæddur inni á deildum þann dag.
- Jólahúfudagur var 20. desember og í hressingunni var boðið upp á kakó og smákökur sem börnin höfðu sjálf bakað á bökunardögum.
- 22. janúar var fyrsti dagur í þorra. Þá var karlkyns ættingjum barnanna boðið í bóndakaffi síðdegis þar sem kaffi og kleinur voru á boðstólum.
- 6. febrúar var dagur leikskólans. Af því tilefni fórum við í skruðgöngu með alla nemendur Hulduheima.
- Þann 8. febrúar var þorrablot í leikskólanum og þá var boðið upp á heitt slátur, sviðasultu og hákarl. Eldri deildir voru með hlaðborð í miðryminu og börnin máttu velja sér deild til að borða á. Yngri deildir borðuðu inni í sal.

- Í tilefni af konudeginum (19. feb) var kvenkyns ættingjum barnanna boðið í konukaffi síðdegis þann 17. febrúar þar sem boðið var upp á kaffi og kleinur.
- Bollu- og sprengidagur voru í febrúar en öskudagur 1.mars. Á bolludaginn voru fiskibollur í matinn og boðið var upp á rjómaþellur í kaffinu. Á sprengidaginn borðuðu allir saltkjöt og baunir. Á öskudaginn komu börn og starfsfólk í búningum, furðufötum eða náttfötum í leikskólann, dansað var á göngum leikskólans og boðið var upp á snakk. Eftir hádegi var kötturinn sleginn úr tunnunni í útiveru eldri deilda.
- Þann 29. mars var leiksýning í salnum á vegum foreldrafélagsins. Að þessu sinni fengum við Pílu Pínu í heimsókn en sýningin er á vegum Kraðaks.
- Á Vori í Árborg var sýning á verkum barnanna í Hulduheimum í Ráðhúsi Árborgar. Einnig fóru elstu börnin í rútuferð og sungu fyrir gesti og gangandi.
- Hjóladagar voru í júní. Yngri deildir hjóluðu milli 10-11:30 fimmtudaginn 8.júní og eldri deildir milli kl.8-10 á föstudeginum. Starfsfólk bjó til bensíndælu og þvottastöð fyrir hjólin og voru þessar stöðvar vel sóttar.
- Litadagar voru nokkrum sinnum yfir árið en þá söfnuðust eldri deildir saman á einni deild til að syngja og eins komu yngri deildir saman þeirra megin.
- Elstu börn fóru í nokkur skipti að syngja fyrir heimilisfólk á Fossheimum og Ljósheimum.
- Útskriftarathöfn var haldin í Fjallasal Sunnulækjarskóla þann 18. maí. Börnin sungu við undirleik móður barns á Hlynskógum, þau fengu viðurkenningarskjal auk gjafar frá foreldrafélagi leikskólans sem innihélt handklæði með nafni viðkomandi.
- Útskriftarferðin var farin 23. maí og farið var til Reykjavíkur að skoða Þjóðminjasafnið og kíkt í Húsdýragarðinn þar sem voru grillaðar pylsur. Ferðin heppnaðist mjög vel og veðrið lék við ferðalangana.
- Listasýning Hulduheima opnaði 22.maí og stóð til 6.júní. Gestir og gangandi máttu skoða sýninguna sem var um allan leikskólann.
- Vorhátíð á vegum foreldrafélagsins var haldin 15. júní. Þá var boðið upp á hoppukastala og ferðir á hestbak auk þess sem börnin máttu skoða sjúkrabíl, lögreglubíl og torfærubíl. Boðið var upp á kleinur, snúða, djús og kaffi.

4 Starfsmenn

4.1 Stöðugildi (fjöldi starfsmanna, menntun, stöðuheiti, stéttarfélög, veikindi, námsleyfi, o.fl.)

Í Hulduheimum störfuðu 38 starfsmenn í mismunandi stöðugildum þetta skólaárið. Leikskólakennarar voru 14, þar af 1 í framhaldsnámi. Starfsmenn með aðra uppeldismenntun eða háskólamenntun voru 4, þar af einn uppeldisfræðingur, einn tómstundafræðingur, einn félagsfræðingur og einn þroskajálfi. Stéttarfélög þeirra eru FL, FSL og ÞÍ. Ófaglærðir starfsmenn voru 17, þar af eru 2 í leikskólakennaranámi og 1 í þroskajálfanámi. Stéttarfélög þeirra eru Foss og Báran. Fjórir fastir starfsmenn störfuðu á hverri deild, afleysingarstarfsmenn voru að jafnaði fjórir. Við leikskólann eru 2,75 stöðugildi í eldhúsi. Stéttarfélög þeirra eru Foss og Báran. Á skólaárinu voru fjórir í langtímaveikindum í mislangan tíma.

Fyrirtækið ISS sér um ræstingar í leikskólanum og búið að gera það frá upphafi skólans.

4.2 Fundir (starfsmanna-, deildar-, deildarstjóra, fag- og samráðsfundir)

- Stöðufundur með aðstoðarleikskólastjóra voru daglega kl. 8:55-9:00, fulltrúar hvernar deildar komu á fundinn og skráðu í dagbækur.
- Deildarstjórafundir voru einu sinni í viku, klukkustund í senn. Deildarstjórar, leikskólastjórnendur og sérkennslustjóri sátu fundina.
- Deildarfundir voru einu sinni í viku, 30 mínútur í senn.
- Starfsmannafundir voru innan starfsdaga þegar færi gafst.
- Fundir þróunarstjórnar vegna þróunarverkefnisins voru að jafnaði vikulega á haustönn en sjaldnar á vorönn.
- Teymisfundir voru haldnir samkvæmt áætlun forgangsverkefna um námsmat.
- Samráðsfundir stjórnenda og eldhúss annars vegar og sérkennslustjóra hins vegar eiga að vera annan hvern mánuð en voru sjaldnar á þessu skólaári.
- Ráðgjafafundir sérkennsluráðgjafa og sálfræðings frá skólapijónustu með deildarstjórum, sérkennslustjóra og aðstoðarleikskólastjóra voru að jafnaði á 6-8 vikna fresti.

- Fagfundir með félögum í KÍ og ÞÍ voru 19. og 20.júní milli kl. 10-11:30. Fundur með ófaglærðu starfsfólki var 23.júní milli kl. 10-11:30.
- Samráðsfundir leikskólastjóra í Árborg, fræðslustjóra og sérkennsluráðgjafa voru einu sinni í mánuði.
- Samráðsfundir sérkennslustjóra í Árborg voru einu sinni í mánuði.
- Fundur faghóps um samstarf grunn- og leikskóla fundaði fjórum sinnum á skólaárinu.

4.3 Skipulags- og námskeiðsdagar, endur- og símenntun (Fyrirlestrar, ráðstefnur, o.fl.)

- Starfsdagur 18. ágúst –Fræðslufundur vegna þróunarverkefnisins, skólastigin saman.
- Haustþing á Hótel Selfossi 7. október- starfsmenn leikskóla í Árborg gátu valið sér fyrirlestra.
- Starfsdagur 17. nóvember- fyrir hádegi var starfsmannafundur í Fróða á Flúðum þar sem könnunaraðferðin var rifjuð upp og rætt var um námsmat í leikskóla. Einnig heimsóttum við leikskólann Undraland á Flúðum. Eftir hádegi var fyrirlestur í Sunnulækjarskóla þar sem Anna Elísa Hreiðarsdóttir, lektor við háskólann á Akureyri fræddi okkur um námsmat í leikskóla
- Starfsdagur 2. janúar- sameiginlegur starfsdagur leikskóla á Hótel Selfossi þar sem Rúnar Sigbórsson verkefnisstjóri þróunarverkefnisins fræddi okkur um leiðsagnarmat og starfsþróun. Unnið í hópum þar sem starfsmenn sögðu hver öðrum frá vinnunni í tengslum við verkefnið í sínum skóla og einnig var farið í umræður um námsmat innan námssviða leikskóla.
- Starfsdagur 21. febrúar- fyrir hádegi unnum við í Hulduheimum að endurmati auk þess sem var starfsmannafundur. Eftir hádegi hittist leikskólastarfsfólk í Árborg í Barnaskóla Eyrarbakka og Stokkseyrar og hlýddi á erindi Önnu Elísu Hreiðarsdóttur um lýðræði og skráningar í leikskólastarfi.
- Starfsdagur 7. júní- starfsmenn unnu að endurmati í Hulduheimum, haldinn var starfsmannafundur og að lokum funduðu deildar saman og unnu að frágangi.

Auk þeirrar símenntunar sem fór fram á starfsdögum sóttu starfsmenn ýmsa fyrirlestra, námskeið og ráðstefnur. Á meðal námskeiða sem voru sótt var námskeið

um „skipulagða kennslu“ eða TEACH, Tras námskeið, trúnaðarmannanámskeið, AEPS námskeið, nám og kennsla tvítyngdra barna, skyndihjálparnámskeið og námskeið fyrir leikskólastjórnendur um skráningarkerfið Völu. Ráðstefnur sem sóttar voru fjölluðu um einelti, menntun fimm ára barna, jákvæðni í lífi og starfi, heilsueflandi samfélag og málþing um leiðsögn nýliða og nema. Auk þessa sóttu nokkrir starfsmenn fræðslu um Boardmaker og Lubba. Meðlimir í þróunarstjórn sóttu fræðslu nokkrum sinnum yfir skólaárið um námsmat og að leiða breytingastarf.

5 Börn

5.1 Fjöldi barna (aldur, árgangur, barngildi, dvalartímar)

Í febrúar 2017 dvöldu 120 börn í Hulduheimum.

Fæðingarár	Fjöldi	Dvalartímar	Barngildi
2011	33	265,5	26,55
2012	30	240,75	30,09
2013	20	161,5	26,24
2014	20	160,75	32,15
2015	17	132,75	33,19
Alls	120	961,25	148,23

5.2 Sérstuðningur

Í Hulduheimum er áhersla lögð á að mæta hverju barni þar sem það er statt og veita stuðning eftir þörfum. Á skólaárinu voru mynduð teymi um tíu börn þar sem foreldrar, deildarstjóri, sérkennslustjóri og oftast sérkennsluráðgjafi höfðu samráð um stuðning við börnin. Þar af voru sex á eldri deild en fjögur á yngri deild. Þrjú börn eru með beiðni inn á GRR.

6 Foreldrasamstarf

6.1 Foreldraviðtöl – upplýsingastreymi (kynningarrit, fréttabréf, opið hús, sýningar)

Kynningarfundur fyrir foreldra barna sem byrja að hausti er að vori fyrir sumarfrí og þetta árið var fundurinn þann 21. júní kl.15:00. Þar fór fram kynning á leikskólanum og foreldrar skoðuðu viðkomandi deild undir leiðsögn deildarstjóra.

Að hausti eru foreldrafundir annars vegar fyrir foreldra barna á eldri deildum og hins vegar foreldrar barna á yngri deildum þar sem vetrarstarfið er kynnt. Þetta skólaárið var fundur fyrir foreldra á eldri deildum 29.september en 5.október fyrir foreldra á yngri deildum. Fundartími var frá kl. 17:00-18:00.

Foreldraviðtöl voru einu sinni yfir skólaárið fyrir hvern árgang.

Fréttabréf Hulduheima kom út fjórum sinnum yfir skólaárið. Í því voru upplýsingar sem eru ætlaðar öllum foreldrum í Hulduheimum. Deildarstjórar gáfu út fréttabréf fyrir sínar deildir mánaðarlega með upplýsingum er varða viðkomandi deild.

Deildarstjórnarnir hafa einnig notast við facebook síður deildanna sem og tölvupóst til að koma upplýsingum á framfæri. Auk þessa voru tilkynningar oft hengdar á upplýsingatöflu í anddyrum leikskólans. Heimasíða leikskólans er opinber vettvangur Hulduheima og þar eru allar almennar upplýsingar um leikskólann, á forsiðu eru iðulega sett skilaboð og fréttir.

Myndlistarsýning barnanna í Hulduheimum var opin á tímabilinu 22.maí -6.júní.

6.2 Foreldrafélög, foreldraráð

Leikskólinn nýtur góðs af öflugum foreldrafélagi. Stjórn þess er jafnframt foreldraráð.

Hlutverk þess er að standa fyrir ýmsum skemmtilegum uppákomum fyrir börn leikskólans og eins að fylgjast með leikskólastarfinu, lesa yfir og gefa umsögn um námskrá og starfsáætlun leikskólans.

Stjórn foreldrafélagsins veturinn 2016-2017 skipaði:

Guðbjörn M. Ólafsson, formaður.

Anna Rósa Einarsdóttir, gjaldkeri.

Bjarnfríður L. Guðsteinsdóttir, ritari.

Berglind Harðardóttir.

Guðbjörg Hulda Sigurðardóttir.

Þórarinn Þorláksson.

Félagsgjald er kr. 1000 á fjölskyldu og er innheimt með greiðsluseðlum í heimabanka.

7 Samstarf – Ráðgjöf

7.1 Skólaþjónusta Árborgar

Góð samvinna hefur verið við skólaþjónustuna og höfum við nýtt okkur ráðgjöf og handleiðslu sérkennsluráðgjafa, talmeinafræðings, sálfræðings og ráðgjafa um kennslu barna af erlendum uppruna. Leikskólastjórendur fengu handleiðslu vegna skráningarkerfisins Völu og einnig bauð skólaþjónustan upp á nokkra fræðslufundi á skólaárinu.

7.2 Nemar

Þrír leikskólakennaranemar komu til okkar í verknám tvö tímabil á skólaárinu og nutu leiðsagnar leikskólakennara og deildarstjóra í Hulduheimum. Nemar á uppeldisbraut FSU komu til okkar einn dag í starfskynningu. Auk þessa komu nokkrir leikskólakennaranemar frá Belgíu til okkar í eina viku í maí til að kynnst starfinu í íslenskum leikskóla.

7.3 Samstarf við grunnskóla

Samstarf við grunnskólann hefur verið með svipuðum hætti og undanfarin ár og er nú komið í nokkuð góðan farveg.

- Þeir nemendur í fyrsta bekk Valla- og Sunnulækjarskóla sem voru í Hulduheimum á síðasta skólaári komu í heimsókn í október og desember (tvö skipti í allt).
- Elstu börn leikskólans fóru í heimsóknir í báða skólana í janúar.
- Heimsóknir í íþróttir og sund áttu sér stað í febrúar og mars.
- Vorskólinn fór fram í apríl, börnin sóttu vorskóla í þeim skóla sem þau eiga að fara í. Heimsóknirnar tókust mjög vel.
- Endurmat fór fram í faghópi um samstarf leik- og grunnskólanna auk þess sem deildarstjórar yngsta stigs grunnskólanna sendu endurmatsblöð í leikskólana.

Auk þessa er mælt með því að leikskólakennarar heimsæki grunnskólann til að kynna sér starfið og eins að grunnskólakennarar heimsæki leikskólann. Tveir deildarstjórar í Hulduheimum fóru í heimsókn í Sunnulækjarskóla á vorönn 2017.

Nemendur í eldri bekkjum grunnskóla, sem jafnframt eru fyrrum nemendur Hulduheima, komu að lesa fyrir börnin á degi íslenskrar tungu.

Grunnskólanemandi kom til okkar fyrir hádegi nokkra fimmtudaga í vetur í þeim tilgangi að læra betur íslensku og aðstoða um leið inni á deildum.

8 Lokaorð

Skólaárið 2016-2017 hefur einkennst af gagnrýnni hugsun og hnitmiðuðum vinnubrögðum til að efla enn fremur gott og faglegt starf í Hulduheimum og gera það enn sýnilegra. Þróunarverkefnið Námsmat á mörkum skóastiga ýtti heldur betur undir þá vinnu. Veturinn hefur enn fremur verið viðburðarríkur og fullur af skemmtilegum ævintýrum. Við erum sáttar við veturinn og tökum fagnandi á móti næsta skólaári með enn meiri elju og metnaði.

Kristrún Hafliðadóttir, leikskólastjóri Hulduheima